

Sp.

30. Fyrirspurn

[30. mál]

til menntamálaráðherra um aðgang að náms- og kennslugögnum í öllum fræðsluumdæmum.

Frá Pétri Bjarnasyni.

1. Hvað líður könnun á því hvernig hagkvæmast verði að auðvelda skólum aðgang að námsgögnum, kennslutækjum og hjálpargögnum þannig að tryggt verði að allir nemendur, hvar sem þeir búa á landinu, geti hagnýtt sér fjölbreytt kennslugögn í námi, sbr. þingsályktun frá 13. júní 1985?
2. Eru fyrirhugaðar sérstakar fjárveitingar til þessara mála á næstunni?
3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að kennslugagnamiðstöðvar verði formlega settar á stofn í fræðsluumdæmunum?